Símaminnisblað

Símanúmer	Nafn

Minnisblað

Skattskyldsitekjur 1975

1.1. Lifeyrissjóður bónda 18.578

Minnisblað

Janúar 1975

Miðvikudagur Nýársdagur

1 Hvass vestan, mikil rigning í morgun +6°. Rigning síðdegis.

– Hvað boðar blessuð nýárs sól?

Janúar 1975

Fimmtudagur

2 Hvast vestan í nótt, hogari framan af degi. Hvass síðdegis, dimm él ÷ 2°

Ég var í kvöldverðarboði hjá systu í Keldnakoti.

Föstudagur

3 Vestan og norðvestan rok í nótt og framan um hádegi, dimm él ÷ 6°

Barnasamkoma hvanfélagsins

Laugardagur 11. v. vetrar

4 Austan og síðar hvass af suðri og þá rigning. Um hádegi var -4° síðdegis +4°

Janúar 1975

Sunnudagur 5 Hagur NA, hálfskýjað og síðar alskýjað. ÷ 4°

Mánudagur 6 Þrettándinn NA andvari, bjartviðri ÷ 6° – ÷ 8°
Bóndinn mín komu hér öll í kvöld um kl. 9 og mokar þúrra (nema Pétur), drukkum [illegible] súkkulíði og kaffi, sem Imba og [illegible] hjálpuðust að með tilloga og framreiðslu. Áttum saman ánogjulega Skeud-lumur hefði orðið áttrað í dag.

Þriðjudagur 7 Hagur NA, bjartviðri. ÷ 10°
Skólar byrja eftir jóla-leyfi.

Miðvikudagur 8 All hvast af norðaustri, fykt loft, og fór að snjóa um kvöldi. ÷ 2°

Janúar 1975

Fimmtudagur 9 NA andvari, léttskýjað. bakki til hafsins í sv. (dróiloft um tíma eftir hádegi) ÷ 4° og síðar ÷ 5°.

Föstudagur 10 Hagur NA, skýjað. byrjar að snjóa um kl. 6 ÷ 6°

Laugardagur 11 12. v. vetrar Hagur NA, alskýjað ÷ 2° – ÷ 5°
Bróðurnir fóru allir til Rv. Eru eitthvað að athug um vertenlega fjós-byggingu

Janúar 1975

Sunnudagur 12 Nýtt tungl Hvass af NA. él fyrir hádegi ÷ 2° og ÷ 3°

Mánudagur 13 NA stinningskaldi, þykt loft ÷ 4°

Þriðjudagur 14 Mjög hvast af norðaustri, þykt loft og ÷ 3°–4°. Lygndi og létti til undir dagssetrið.
Fótkið lét mig ekki keyra börn í dag. Mikler sögur fara af snjó-þyngslum víða um land, sima og rafmagnsbilunum

Miðvikudagur 15

Janúar 1975

Fimmtudagur 16

Föstudagur 17

Laugardagur 18 13. v. vetrar